

Þriðjudaginn 7. september 1993.

Nr. 370/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Baldvin Guðmundi Ragnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. september 1993, sem barst Hæstarétti í dag. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili hefur ekki látið kærumálið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. september 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Baldvin Guðmundi Ragnarssyni verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 13. september nk. Jafnframt er krafist heimildar til húsleitar á heimili hans að Hátúni 6 í Reykjavík.

Aðfaranótt 1. september sl. var brotist inn í skartgripaverslunina Gullsmiðinn við Álfabakka í Reykjavík og stolið talsverðu af skartgripum. Jafnframt voru unnar miklar skemmdir á hurð verslunarinnar og allar læstar hirslur brotnar upp.

Baldvin Guðmundur Ragnarsson var handtekinn í gær af öðru tilefni, og fundust þá í bifreið hans ýmis verkfæri, m. a. borvél og tvö rofjárn. Tæknideild RLR hefur rannsakað verkfæri Baldvins og ummerki á innbrottsstað og komist að þeirri niðurstöðu, að ummerki á dyrakarmi verslunarinnar séu eftir annað þessara rofjárna. Jafnframt telur tæknideild, að önnur ummerki geti verið eftir verkfæri Baldvins.

Fallast verður á, að Baldvin Guðmundur sé undir rökstuddum grun um að hafa brotist inn í skartgripaverslunina Gullsmiðinn. Telja má nauðsyn-

legt í þágu rannsóknar málsins, að honum verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Sýnist hins vegar nægilegt, að varðhaldinu verði markaður tími til miðvikudagsins 8. september kl. 16.00. Jafnframt ber að heimila húsleit, svo sem krafist er, með vísan til 1. mgr. 89. gr. s. 1.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Baldvin Guðmundur Ragnarsson, kt. 301253-2499, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. september nk. kl. 16.00.

Lögreglu er heimiluð húsleit á heimili hans að Hátúni 6 í Reykjavík.
